

**Ed.**

## **285. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun sérstakrar fjármálanefndar.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa þrjú manna nefnd, ólaunaða, til að gera tillögur um fjármál landsins fyrir næsta Alþingi. Skal hver af hinum þrem þingflokkum tilnefna einn fulltrúa í nefndina.

### **Greinargerð.**

Svo er til ætlazt, að þingflokkarnir þrjú leggi til fulltrúa í nefnd til að gera tillögur um fjármál landsins. Er þar þörf skjótra aðgerða. Tekjuhalli allmikill hefir verið á ríkisbúskapnum nokkur missiri, og hefir nú í ár verið gripið til þess úrræðis að taka erlent bankalán til að standast greiðslur erlendis. Ráðstafanir vegna kreppunnar til lands og sjávar leggja miklar auknar byrðar á ríkissjóð. Stórir nýir lagabálkar, eins og berklavarnir, jarðræktarlögin og landhelgisgæzlan, íþyngja ríkissjóði, án þess að samsvarandi tekjustofnum hafi verið bætt við. Hvert einstakt kjördæmi kemur með nýjar kröfur um dýr hafnarmannvirki, samgöngubætur, sildarbræðslu eða stórfelldar ábyrgðir vegna rafstöðva, skipa-kaupa eða útgerðar. Loks kemur Útvegsbankinn nálega árlega með nýjar ábyrgðarheimildir, og eru þau lán öll lausaskuldir við erlenda banka.

Borgurum landsins stendur stuggur af þessari þróun. Þeir sjá, að stjórnin ræður ekki við málið, heldur ekki þingið í heild sinni. Og á yfirstandandi þingi og hinu síðasta hefir þessi lána- og ábyrgðarsýki verið cinna mest áberandi. T. d. var samþykkt á vetrarþingi í ár 7 milljóna ábyrgð handa Rvík vegna rafveitu-

mála, þó að fullvíst væri, að 4 milljónir myndu nægja. Mætti nefna fleiri dæmi um slíka ofrausn.

Tilgangurinn með þessari tillögu er að gefa þingflokkunum tækifæri til að bygja brunninn áður en barnið er dottið ofan í. Þingflokkarnir geta komið sér saman um að bæta úr þessum vanda. Þeir geta komið sér saman um að jafna ríkisbúskapinn, að draga úr háum launum, að fækka óþörfum embættum, að hætta að hafa tekjuhalla á ríkisbúskapnum, að mynda fasta línu til eftirbreytni um ábyrgðir ríkissjóðs o. s. frv.

Framundan liggja fjölmörg vandasöm mál. Þjóðinni fjölgar ört. Hún þarf ný atvinnuskilyrði, og ný heimili, auk hinna gömlu, sem þarf að endurbyggja. Hún þarf miklar framkvæmdir í tryggingarmálum, og hún hefir heitið að taka í sínar hendur utanríkismálin eftir fáein ár, og má vel haga þeim framkvæmdum svo, að stórfelldan kostnað leiði af, ef lítillar fyrirbyggju er gætt.

Fjármálanefnd, skipaðri af öllum flokkum, mætti ætla það verkefni, að gera áætlun um nokkurra ára skeið um fjármálaaðgerðir þings og stjórnar, og forðast þannig, að látið sé reka á reiðanum, unz þjóðin hefir glatað frelsi sínu aftur.